


HÚSÖNDIN

12.tbl. 1.árg.
25.apríl 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 26.APRÍL - 2.MAÍ 2018



26.4 *Igor Kovacic*

28.4 *Eldey Gerda Garðarsdóttir*

1.5 *Jón Dagur Héðinsson, Thelma Líf Andradóttir*

2.5 *Emil Birgisson, Guðmundur Þór Birgisson, Stefán Örn Kristjánsson*

Að fanga þig & tímann



MENNINGARMIÐSTÖÐ PINGEYINGA
SAFNAHÚSIÐ Á HÚSAVÍK

Ljósmyndir úr söfnum

Ragnheiðar Bjarnadóttur & Sigríðar Ingvarsdóttur

Verið velkomin á sýningaropnun í Safnahúsinu
þriðjudaginn 1. maí kl. 17:00

Ljósmyndasöfn Ragnheiðar og Sigríðar eru varðveitt í Ljósmynda-
safni Pingeyinga. Söfnin eru afar ólík. Safn Ragnheiðar samanstendur af
miklum fjölda mynda úr hversdags lífinu en safn Sigríðar er safn
atvinnuljósmyndara sem rak ljósmyndastofu. Sýningin er innlit í
heildarsöfn þeirra Ragnheiðar og Sigríðar og þann merka vitnisburð um
fyrrí tíma og mannlíf í Pingeyjarsýslu sem söfnin geyma.

Sýningarstjóri, Sigurlaug Dagsdóttir tekur á móti opnunargestum



ÞEKKINGARNET ÞINGEYINGA

LEITAR AÐ GÓÐU FÓLKI Í
STARFSMANNAHÓPINN!



Verkefnastjóri í Mývatnssveit

Leitað er að starfsmanni í nýja starfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga í Mývatnssveit. Um er að ræða nýtt starf sem verður ráðið í til eins árs frá sumri/hausti 2018, með möguleika á framlengingu. Um er að ræða hlutastarf í u.þ.b. 50% starfshlutfalli. Meginþættir starfsins felast í vinnu á símenntunarsviði við þarfagreiningu og umsjón námskeiða, ráðgjöf og stuðning við námsfólk og prófaumsjón. Einnig vinnu á rannsóknasviði við rannsókn- og þróunarverkefni. Verkefnisstjórinn þarf að vera leiðandi í mótun og þróun þekkingarseturs í Mývatnssveit í samstarfi við hlutaðeigandi.

Leitað er eftir starfsmanni með almenna háskólamenntun sem nýtist til fyrrgreindra verkefna í starfi. Frumkvæði, hugmyndaauði, samskiptafærni og sjálfstæði í vinnubrögðum eru lykilþættir í starfinu.

Náms- og starfsráðgjafi (á Húsavík eða á öðrum starfsstöðvum)

Leitað er að starfsmanni í náms- og starfsráðgjöf. Um er að ræða tímabundið starf frá sumri/hausti 2018, með möguleika á framlengingu. Um er að ræða hlutastarf í allt að 50% starfshlutfalli. Meginþættir starfsins felast í vinnu við náms- og starfsráðgjöf og önnur tilfallandi störf á símenntunarsviði samkvæmt gildandi samningum Þekkingarnetsins.

Leitað er eftir starfsmanni með viðurkennda menntunareyðslu á sviði náms- og starfsráðgjafar. Sveigjanleiki, samskiptafærni og sjálfstæði í vinnubrögðum eru lykilþættir fyrir starfið. Starfinu fylgja ferðir innan héraðs og utan þar sem sinna þarf verkefnum í allri Þingeyjarsýslu og samstarfi víðar.

Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til 4. maí 2018.

Umsóknir og umsóknargögn skal senda til Þekkingarnets Þingeyinga, Óla Halldórssonar forstöðumanns, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík, eða á netfangið oli@hac.is



FRAMBOÐ TIL SVEITARSTJÓRNAR SKÚTUSTAÐAHPREPPS 2018

Sveitarstjórnarkosningar fara fram laugardaginn 26. maí 2018. Frestur til að skila framboðslistum er til 5. maí 2018 kl. 12:00 á hádegi. Kjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag frá kl. 11:00-12:00 á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 5 nöfn frambjóðanda og eigi fleiri en 10. Framboðslista fylgi yfirlýsing þeirra, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Hverjum lista skal fylgja skrifleg yfirlýsing 20 meðmælenda hið fæsta og eigi fleiri en 40. Hver kjósandi má einvörðungu mæla með einum lista við hverjar kosningar. Þá skal fylgja tilkynning um hverjir eru umboðsmenn listans og skulu þeir vera tveir.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á hverjir eru í kjöri. Greina skal fullt nafn, kennitölu og heimilisfang hvers meðmælenda.

Um framkvæmd og framboð til sveitarstjórnarkosninga fer eftir lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Allar nánari upplýsingar um framboð og kosningar til sveitarstjórna má nálgast á upplýsingavefnum www.kosningar.is.

Formaður kjörstjórnar veitir frekari upplýsingar og leiðbeiningar vegna undirbúnings framboðslista. Hægt er að ná í formann kjörstjórnar í síma 865 9775. Netfang formanns er finnurbald@gmail.com.

20. apríl 2018

Kjörstjórn Skútustaðahrepps

Finnur Baldursson (sign)

Friðrik Lange (sign)

Edda Stefánsdóttir (sign)

Vortónleikar Sálubótar 2018



Þorgeirskirkju laugardaginn 28. apríl kl. 17:00
Félagsheimilinu Laugarborg mánudaginn 30. apríl kl. 20:30

Stjórnandi : Jaan Alavere

Einsöngur : Jaan Alavere

Undirleikur : Jaan Alavere, Pétur Ingólfsson
og Þórgnýr Valþórsson

Miðaverð 2500 kr. Frítt fyrir 14 ára og yngri



STÖNGIN INN! Á BREIÐUMÝRI

Gamansöngleikurinn með ABBA-lögnum

Síðustu sýningar!!

Höfundur: Guðmundur Ólafsson

Leikstjóri: Vala Fannell

Tónlistarstjóri: Jaan Alavere

Þá fer hver að verða síðastur til þess að sjá þennan gleðileik, sem fengið hefur fádæma góðar viðtökur og gengið fyrir fullu húsi á Breiðumýri að undanfögnu.

15. sýning – fimmtudagur 26. apríl kl. 20:30

16. sýning – föstudagur 27. apríl kl. 20:30

Miðaverð:

Fullorðnir kr. 3000.-

Börn 16 ára og yngri kr. 2200.-

Eldriborgarar og öryrkjar kr. 2700,-

Félögum í Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélagi Húsavíkur gefst kostur á að fá afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu og fá þannig 1000 kr. afslátt.

Dalakofinn verður með leikhúsmatseðil fyrir hópa (lágmark 6 manns) lambasteik og meðlæti, og kaffi og köku í eftirrött á kr. 3900.-

Einnig býður Dalakofinn 15% afslátt af matseðli fyrir leikhúsgesti.

Að venju verður Kvenfélag Reykdæla með kaffi- og vöfflusölu á sýningum.

Miðapantanir eru í síma 618-3945 eða á leikdeild@leikdeild.is



SKÚTUSTAÐAHREPPUR
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI VEGNA
FYRIRHUGAÐRAR SMÁVIRKJUNAR
VIÐ DREKAGIL.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 25. apríl 2018 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi smávirkjunar við DrekaGil í Skútustaðahreppi skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagлага nr. 123/2010.

Neyðarlínan ohf áformar að koma upp smávirkjun í ána sem rennur úr DrekaGil í þeim tilgangi að rafvæða fjarskiptastöð fyrirtækisins á Vaðöldu. Gert er ráð fyrir að sumarrennsli dugi fyrir um 30 kW orkuframleiðslu, og áætlað vetrarrennsli fyrir um 10 kW. Áætlað er að fjarskiptastöðin muni nota um 5 kW, og umframorka yrði nýtt til að halda varma á skálunum í Dreka. Fyrirhuguð fallpípa frá inntaki yrði um 300 m að lengd og 0,5 m í þvermál og er hún niðurgráfinn alla leið, norðan árinna, að um 8 m² stöðvarhúsi sem staðsett yrði um 600 m suðaustan við skálana. Gert er ráð fyrir að leggja um 10 km langan jarðstreng frá fyrirhugaðri virkjun að fjarskiptastöðinni á Vaðöldu. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla sem er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlaana nr. 105/2006.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með fimmtudeginum 26. apríl til og með fimmtudeginum 7. júní 2018. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 7. júní 2018. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Bjarni Reykjalin,
skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps.

MINNING

Mig langar til að segja ykkur eina stutta sögu af mörgum góðum samskiputum okkar sér Arnar Friðriksson sem ér var sóknarprestur til margra ára, mjög góður vinur minn.

Þann merkisdag 26.5.1968 fermdist ég undirritaður ásamt þeim Sigríði

Jónsdóttur Víkurnesi, Hinrik Árna Bóassyni Stuðlum, Jakobi Stefánsyni Vogum og Elínu Kristjánsdóttur Björk.

Í þá daga tíðkaðist það ekki að ganga til altaris í messu lok heldur var farið að kvöldi fermingardags eða síðar. Að kvöldi fermingardagsins fórum við því til kirkju til að ganga til altaris fermingarbörnin ásamt foreldrum. Þannig skipaðist við altarið þetta kvöld að ég kraup sunnanvert við altarið vestarlega á milli foreldra minna.

Örn byrjar á því að útdeila oblátunni og fer svo að skenkja vínið. Á þessum árum var bara einn stór bikar sem allir drukku af og bar prestur bikarinn að vörum hvers og eins og þurrkaði af barmi hans með klút á milli sopa, fór sólarinnis og byrjaði nyrst að austan.

Ég beið þarna eftir mínum sopa með oblátuna fasta í gómnum og fylgdist með vínköfnum. Pabbi var næstur á unda mér í röðinni og fannst mér prestur halla bikarum vel að honum svo hann fékk stóran sopa svo það hlaut að vera í lagi.

Loks kemur að mér, prestur leggur bikarinn að vörum mér en hallar honum ekkert svo ég fékk ekkert messuvín þó ég reyndi að teygja flipann niður í hann til að ná smá vætu, þó ekki væri meira en bara bragð.

Seinn meir eftir að ég varð fullorðinn núði ég honum þessum um nasir og sagði að hann hefði ekki tímt að gefa mér sopa, hann svaraði því um hæl og sagði það hafa verið með ráðum gert því hann hafi vitað að ég væri ekki orðinn nógu þroskaður til að drekka vín á þessum árum.

Minnti ég hann oft á þessi sopasvik en fékk alltaf sama svarið.

Árið 1996 fermdi Örn svo Sigurjón son minn, þá var gengið til altaris í messulok og komnir litlir bikarar fyrir hvern og einn. Ég kraup við gráturarnar fyrir miðju að sunnanverðu með bikar í hendi, oblátuna fasta í falska gómnum og beið þess er verða vildi.

Prestur hélt vana sínum og byrjaði að skenkja á bikarum nyrst að austan, og lét nokkra dropa títra úr könnunni í hvern bikar, frekar niskulegt fannst mér.

Þegar loks kom að mér, rétti ég fram bikarinn og laut höfði í auðmjúkri bið eftir þessum dropum. Þá hellir prestur rösklega og barmafyllir bikarinn, mér brá við og leit upp til hans og það var ekki erfitt að lesa skilaboðin úr svipnum.

ÞÚ SKALT EKKI KVARTA NÚNA KALL MINN.

Blessuð sé minning séra Arnar.

Þökk.

Friðrik Steingr.



SURF - NÁMSKEIÐ / SURF SCHOOL

HÚSAVÍK 12-13.MAÍ

Brimbrettaskólinn hjá Arcticsurfers.com ætlar að setja upp námskeið á Skjálfanda í maí. Leiðbeinendur námskeiðsins eru einir færustu brimbrettaiðkendur Íslands. Aðstæður á Skjálfanda eru frábærar fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna. Kennt verður laugardagskvöld og sunnudagsmorgun og boðið er upp á skráningu á hvort námskeið stakt eða tveggja daga námskeið.

Einstakt tækifæri til að prófa þessa skemmtilegu íþrótt undir handleiðslu atvinnumanna.

Arcticsurfers.com offers a 1-2day surf school at Húsavík 12-13th May. Our surf school includes 5-6hours of surfing and learning from people with experience, knowledge and know how. The Arctic Surfers staff members are some of the best and most experienced surfers on the island and they also have a burning desire to pay it back and take people out for a day or two and show them the ropes. Join our team and take a step into the North Atlantic and get involved in the "surf dream".

Laugardagur/Saturday 12th: kl:17 / 5pm

Sunnudagur/sunday 13th: kl:9 / 9am

Innifalið/Included

Surf kennsla, kennsla, surf búnaður, 5 tíma program, ljósmyndir frá deginum og eintóm gleði.

Surf school, Guide, Surfing equipment, 5hour program, Photos of the day and sheer fun!

One Day

19.900isk

Both day's

19.900+15.900= 35.800isk

Mikilvægt er að lámarks forskráning náist fyrir 1.maí.

Skráning/Register: info@arcticsurfers.com

Eða í síma / by phone : 551-2555



HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ KAUPA ÍBÚÐARHÚSNÆÐI?

Atvinnumálanefnd Skútustaðahrepps boðar til íbúa- og kynningafundar um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Klappahrauni, þriðjudaginn 8. maí kl. 20:00 í Reykjahlíðarskóla. Allir áhugasamir íbúar og rekstraraðilar eru hvattir til þess að mæta til að kynna sér hugmyndir um byggingu húsnæðis. Ljóst er að talsverð eftirspurn er eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og er fundurinn liður í því að kortleggja eftirspurnina og kynna þá möguleika sem koma til greina.

Dagskrá:

1. Kynning á Húsnæðisáætlun Skútustaðahrepps
2. Kynning verktaka/aðila á hugmyndum um uppbyggingu í Klappahrauni
3. Kynning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga um möguleika á fjármögnun fyrir einstaklinga

Í lok fundar verður tekið við skráningum frá áhugasömum aðilum, bæði einstaklingum og rekstraraðilum, sem hafa áhuga á því að kaupa íbúðarhúsnæði í Klappahrauni.

Atvinnumálanefnd Skútustaðahrepps



ÚTBOÐ Á SKÓLAAKSTRI

Frá og með 27. ágúst. n.k. býður Skútustaðahreppur út akstur grunnskólanemenda. Aksturinn er boðinn út til þriggja ára. Útboðsgögn, þ.e. leiðarlýsing, upplýsingar um fjölda barna og tilboðseyðublöð, liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps frá og með mánudeginum 30. apríl.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. maí, en þá verða tilboðin opnuð að viðstöddum þeim tilboðsaðilum sem þess óska.

Nánari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 464 4163 á skrifstofutíma.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps



ARE YOU INTERESTED IN BECOMING A HOMEOWNER?

The acting Committee of Employment at the Skútustaða municipality invites all residents to a presentation regarding the housing development in Klapphraun on Tuesday the 8th of May at 20.00 hrs at Reykjahlið school. All interested residents and local businesses are encouraged to attend and acquaint themselves with the development project in Klapphraun. There is clearly a demand for housing in the area. This meeting is about putting ideas forward, to gauge and record the demand for more housing and get a clear picture of how many interested parties there are at this time.

AGENDA:

1. Skútustaða municipality to introduce the housing plan.
2. Contractors/builders introduce proposed development of Klapphraun.
3. Sparisjóður Suður-Þingeyinga propose possible financing loans enabling individuals to become homeowners.

At the end of the meeting those interested in securing a property/house in Klapphraun have the opportunity to register their names.

Employment Committee
Skútustaða Municipality



LEIGUHÚSNÆÐI ÓSKAST

Vegna fyrirsjáanlegs skorts á grunnskólakennurum og öðru starfsfólki grunnskóla og leikskóla næsta skólaár óskar sveitarfélagið eftir að komast í samband við aðila sem kynnu að hafa áhuga að leigja íbúðarhúsnæði. Áhugasamir hafi samband við skólastjóra í síma 464 4375 eða við sveitarstjóra í síma 464 4163.

